

Fiskeldisfréttir

Ábyrgðarmaður: Valdimar Ingi Gunnarsson

1. ÁRGANGUR 6. TÖLUBLAD

DESEMBER 2012

FJARÐANET



Sjávarútvegsþjónustan



Fiskeldismaðurinn Ingólfur Sigfússon starfar nú hjá Fjarðalaxi. Er einnig með laxeldi í Mjóafirði þar sem myndin er tekin.

Gott framtak

Á undanförunum árum hefur verið unnið að verkefninu *Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða*. Meginmarkmið áætlunarinnar er að gera samþætta nýtingaráætlun fyrir strandsvæði fjórðungsins, en á fyrstu stigum verkefnisins var hins vegar ákveðið að afmarka verkefnið í fyrstu við Arnarfjörð. Hér er um að ræða lofsvert framtak en er með þeim annmörkunum að nýtingaráætlun Arnarfjarðar á sér ekki lagastoð og er því hvorki bindandi fyrir sveitarfélögin né aðra sem koma að stjórnun svæðisins. Hún felur hins vegar í sér stefnufirlýsingu sveitarfélaganna á svæði sem miðar við eina sjómílu á haf út miðað við grunnlínupunkta landhelginnar.

Meira jákvætt

Í skýrslu nefndar á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (september 2011) er m.a. bent á að það vanti heildarsýn yfir starfsemi á hafsvæðum við Ísland. Að

hluta til stafi það af því að hentug töl vanti sem nota megi til að skapa yfirsýn yfir nýtingu og vernd hafsvæða (t.d. miðlæg gagnamiðlun og/eða upplýsingagátt), en einnig vegna þess að samráð skorti milli opinberra stofnana, sem hafa m.a. lögbundið hlutverk varðandi leyfiskylda starfsemi á haf- og strandsvæðum og eftirlit með þeim. Í framhaldi af vinnu nefndarinnar var stofnaður samráðshópur um málefni hafsins, að frumkvæði Skipulagsstofnunar og gefin út skýrsla sem hægt er að sækja á slóðina hér að neðan.

Landsskipulagsstefna

Þann 1. janúar 2011 tóku ný skipulagslög gildi, sem innifela ákvæði um landsskipulagsstefnu og skal hún innihalda samræmda stefnu ríkisins um skipulagsmál. Ein af áherslum sem umhverfisráðherra leggur til fyrir landsskipulagsstefnu 2013-



Greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags

Fylgiskjal með
landsskipulagsstefnu 2013-2024

2024 er skipulag á haf- og strandsvæðum. Þar sem áhugi á fjölbreyttari notkun á haf- og strandsvæðum hefur farið vaxandi aukast jafnframt líkur á hagsmunarárekstrum vegna mismunandi notkunar og neikvæðum áhrifum á vistkerfi hafsins.

Með hraða snigilsins?

Skipulag á haf- og strandsvæðum er nýtt viðfangsefni í skipulagi hér á landi, sem enn hefur

Framhald á næstu síðu

Slóð: www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/24_sept_2012_Greinargerdl_skiplag-haf-og-strand_lokautgafa.pdf

Efnisyfirlit

Skipulag strandsvæða og sjókvíaeldi	1
Sjávarútvegsráðstefnan 2012	2
Vaxtargeta þorsks	3
Staða sjókvíaeldis á Íslandi	4

Á döfinni

Umhverfismengun á Íslandi - ráðstefna 22. mars 2013

Sjávarútvegsráðstefnan 21.-22. nóvember 2013


Framhald af forsiðu

ekki verið fundinn staður innan stjórnsýslunnar. Áherslur í skipulagi haf- og strandsvæða hafa engu að síður verið til umræðu á fundi samráðsnettvangs um landsskipulagsstefnu þann 3. febrúar 2012 og niðurstöður fundarins voru notaðar sem grunnur að vinnu við skýrslu sem hér er vísað í. Þessi vinna verður að teljast lofsvert framtak en margir hefðu vilja sjá að unnið væri að meiri krafti í þessum málaflokki.

Erfitt umsóknarferli

Það eru skiptar skoðanir um hvort aðgengi að svæðum til sjókvíaeldis í íslenskum fjörðum sé eins og í villta vestrinu. Eitt er þó víst að flest þau sjókvíaeldisfyrirtæki sem eru í rekstri eða sækja eftir heimild til að hefja eða auka eldi í sjókvíum eru vopnuð lögfræðingum. Það getur varla talist eðlilegt að umsóknarferlið sé það illviðráðanlegt að þeir sem hyggja hefja sjókvíaeldi þurfi að hafa lögfræðinga í sinni þjónustu til að gæta hagsmuna fyrirtækisins. Stjórnsýslan er

illa í stakk búinn að takast á umfangsmikilli uppbyggingu sjókvíaeldis. Starfsmenn í stjórnsýslunni reyna eflaust að gera sitt besta og eru ekki öfundsverðir af sínu hlutverki. Hér eins og oft áður eru það stjórnáðalmenningarnir sem ekki hafa gert sína heimavinnu - Menn hafa verið of uppteknir af sértækum vinsælum lausnum. Fiskeldismenn geta eflaust verið virkari að koma góðum málum í réttan farveg. Það hefur lengi verið ljóst að það þarf að taka á skipulagsmálum og umsóknarferlinu til að skapa fiskeldi æskilegt svigrúm til að vaxa.



Mynd: Magnús Óskarsson

Sjávarútvegsráðstefnan 2012

Sjávarútvegsráðstefnan var haldin 8.-9. nóvember á Grand Hótel Reykjavík. Ein málstofan tók fyrir framtíðartækifæri í fiskeldi. Jónatan Þórðarson eldisstjóri hjá Fjarðalaxi var einn af frummælendum og vekur sérstaklega athygli hans fullyrðing að hægt sé að framleiða 100.000 tonn af

eldisfisk í sjókvíum í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi. Hér er ekki tekið afstaða til þess hvort þessi fullyrðing sé raunhæf, en lögd áhersla að fara varlega í uppbyggingu sjókvíaeldis á Vestfjörðum. Mikilvægt er að eldið verði byggt upp í áföngum og haft til viðmiðunar

Slóð: www.sjavarutvegsradstefnan.is/efni/dagskra_0

Stofnfiskur í Útvegsblaðinu

Í síðasta tölublaði Útvegsblaðsins var umfjöllun um Stofnfisk á forsiðu blaðsins. Í greininni kemur m.a. fram að flutt verði út um 60 milljónir hrognar í ár að verðmæti ríflega einn milljarð króna. Á næsta ári verði framleiðslugetan um 100 milljónir hrognar. Blað í heild sinni er hægt að nálgast á slóðinni: www.goggur.is/%c3%batvegsbla%c3%b0i%c3%b0.html

besta þekking í skipulagsmálum hjá okkar nágrannalöndum.

Í Færeyjum eru framleidd um 60.000 tonn af laxi. Það vekur athygli hve mikið magn er framleitt á litlu svæði eins og myndin hér til hliðar sýnir. Rými til að framleiða 100.000 tonn á Vestfjörðum er til staðar en annað mál er hvort það er skynsamlegt að byggja upp sjókvíaeldi í þessu umfangi. Hægt er að sækja erindi Jónatans og annarra fyrirlesara á vefsíðu ráðstefnunnar.

Ahliða þjónusta við fiskeldisfyrirtæki

Þvottastöð
Fiskeldispokar
Kastnætur
Fuglanet

Strandgötu 1 Neskaupstað Sími: 4700 800 Fax: 4700 801


FJARÐA NET

Neskaupstaður / Fjáskrúðsfjörður / Akureyri / Ísafjörður

www.fjardanet.is

fjardanet@fjardanet.is

Fjardanet er aðili að Hampidjan Group



Fish Pool upplýsingarvefur um markaðsverð á laxi

Ertu að leita af upplýsingum um verðþróun á laxi viku frá viku? Þá er vefurinn Fish Pool góður valkostur.

Hér er um að ræða mikið magn af markaðsupplýsingum bæði verð á uppboðsmörkuðum (spot price) og langtíma-samninga (forward price). Í hverri viku er gefið út nýtt yfirlit yfir verðþróun síðustu viku.

Slóð: <http://fishpool.eu/>

Vaxtargeta eldisþorsks

Nú er lokið rannsóknaverkefninu "Vaxtargeta eldisþorsks". Þátttakendur voru Hafrannsóknastofnunin, HB-Grandi hf og Icecod ehf en verkefnið var styrkt af AVS-sjóðnum.

Gerðar voru langtíamælingar á vexti eldisþorsks í kerjum annars vegar og sjókvímum hins vegar. Sjókvíaeldið gekk ekki nægilega vel, afföll voru mjög mikil og vöxtur undir væntingum (2,2 kg meðalþyngd eftir 32 mánuði frá klaki). Kerjaeldið gekk hins vegar mjög vel, afföll voru lítil og vöxtur besta hópsins sá besti sem mælst hefur í eldi eða tilraunum með stríðeldis-seiði (3,4 kg meðalþyngd eftir 30 mánuði frá klaki). Þrátt fyrir það var niðurstaðan sú að stríðeldis-seiði væru almennt verulega




vaxtarskert í samanburði við seiði sem nærast á villtu dýrasvifi á lirlustigi sínu. Allt bendir til þess að næringarskortur á lirlustigi stríðeldisseiða (alin á hjóldýrum og salvatnsrækjum (Artemíu)) hafi þessi varanlegu neikvæðu áhrif á vaxtargetu seiðanna. Áhrif frumfóðrunar á vaxtargetu eru geysilega mikil og vöxtur á lirlustigi getur þannig ráðið því hvort meðalþyngd seiðahóps verður t.d. 1 kg eða 5 kg við 30 mánaða aldur. Hámarksstærð eldisþorsks virðist jafnframt vera mjög takmörkuð í samanburði við villtan fisk.

Óhjákvæmileg niðurstaða verkefnisins er því sú að nauðsynlegt sé að bæta verulega þær aðferðir sem notaðar eru við þorsksseiðaframleiðslu og að æskilegt væri að frumfóðra með krabbadýrum að verulegu leyti til þess að bæta vöxtinn. Bættur vöxtur á lirlustigi




virðist vera lykillinn að því að leysa hina miklu undirliggjandi vaxtargetu eldisþorsks úr læðingi og leggja um leið nauðsynlegan grunn að arðbæru þorskeldi. Kynbótaframfarir koma síðan þar til viðbótar og bæta vaxtargetuna jafnt og þétt. Niðurstöður verkefnisins eru athyglisverðar frá lífeðlisfræðilegu sjónarmiði og eiga vonandi eftir að leiða til frekari rannsókna á vaxtargetu þorsks og fleiri tegunda sjávarfiska.

Slóð: [www.avs.is/media/skyrslur/Vaxtargeta-eldisþorsks-\(lokaskýrsla-2012\)-pdf](http://www.avs.is/media/skyrslur/Vaxtargeta-eldisþorsks-(lokaskýrsla-2012)-pdf)



Á vegum FAO er gefið út fræðsluefni um fiskeldi og er hægt að sækja fjölda bóka á vef stofnunarinnar. Nýlega hafa verið gefnar út fjórar bækur um regnbogasilung og urriða sem ná yfir eldi, vinnslu og sportveiðar. www.fao.org/europe/publications/reu-trout-papers/fr/

Staða sjókvíaeldi á Íslandi



Lítill fyrirtæki

Nú eru ellefu fyrirtæki starfandi með sjókvíaeldi á Íslandi. Öll þessi fyrirtæki eru lítill þegar borið er saman við sambærilegan rekstur í nágranalöndunum. Á árinu 2011 var framleiðsla allra sjókvíaeldisstöðva undir 2.000 tonnnum hér á landi sem er almennt minna en framleitt er hjá einu fyrirtæki í samkeppnislöndum. Erlendis fara fyrirtækin stækkandi og t.d. hjá Færey-

ingum framleiða þrjú fyrirtæki um 60.000 tonn á ári, þar af Bakka-frost með meira en helming framleiðslunnar.

Eldi laxfiska

Á Íslandi eru lax, bleikja og regnbogasilungur í eldi í sjókvíum. Laxeldi stunda Fjarðalax, Rifós, Tó og Fiskeldi Austfjarða. Öll þessi fyrirtæki hafa mjög lítið umfang nema Fjarðalax sem er með

eldi í Patreks-, Tálkna- og Arnafirði.

Dýrfiskur, Sjávareldi og Fiskeldi Austfjarða eru með eldi á regnbogasilungi og Rifós með eldi á bleikju í kvíum.

Þorskeldi

Á undanförmum árum hefur þorskeldisfyrirtækjum fækkað og umfang eldisins minnkað. Í dag eru sex fyrirtæki með þorskeldi í sjókvíum og er Hraðfrystihúsið Gunnvör með mest umfang.

Þróunin framundan

Landssamband fiskeldisstöðva spáir því að framleiðslan á árinu 2012 verði um 7.400 tonn.

Stór hluti af þessari framleiðslu er í landstöðvum og þá sérstaklega bleikjueldi. Það má gera ráð fyrir að rúmlega helmingur af ársframleiðslunni komi úr sjókvíaeldi. Varðandi áframhaldandi uppbyggingu er töluverð óvissa og þar spilar inn í m.a. örðuleikar að fá heimild til að stækka umfang þeirra sjókvíaeldisstöðva sem nú eru í rekstri.

Salmon Farming Industry Handbook 2012



The Marine Harvest Salmon Industry Handbook
The purpose of this document is to give financial analysts and investors a better insight into the salmon farming industry, and what Marine Harvest considers to be the most important value drivers



Ertu hjárfestir eða sækir fróðleik um markaðsmál og afkomu laxeldis þá mælum við með þessari lesningu. Fróðleg samantekt sem er árlega gefin út af stærst laxeldisfyrirtæki í heiminum, Marine Harvest. www.marineharvest.com/PageFiles/1296/2012%20Salmon%20Handbook%2018.juli_h%20C3%B8y%20d.pdf

JRC Scientific and Technical Reports

Scientific, Technical and Economic Committee for Fisheries (STECF)


Economic Performance of the EU Aquaculture Sector (STECF-OWP-12-03)

Edited by Jordi Guillen, Franca Contini & Hendrik Doerner

This report was reviewed by the STECF by written procedure in March 2012



Hefurðu gaman að fletta í gegnum þykka doðranta þér til fróðleiks. Þá er hér 340 blaðsíðna skýrsla sem gefur yfirlit yfir fiskeldi í Evrópu og einnig í einstökum löndum. http://stecf.jrc.ec.europa.eu/documents/43805/218925/12-03_STECF+EWG+11-14+-



Proceedings of the Global Conference on Aquaculture 2010 Farming the Waters for People and Food

Editors

Rohana P. Subasinghe
J. Richard Arthur
Devin M. Bartley
Sena S. De Silva
Matthias Halwart
Nathanael Hishamunda
C. V. Mohan
Patrick Sorgeloos

Í þessari 910 blaðsíðna ráðstefnuriti er að finna fjöldi áhugverðra greina um ýmis málafni fiskeldis, m.a. yfirlit um lífrænt fiskeldi en áhugi fyrir því er að aukast hér á landi. <http://www.fao.org/fishery/nems/40153/en>